

Skipulagsfulltrúi
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Reykjavík 6. janúar 2016
UST201512-104/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæði í Garðabæ.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Kauptún í Garðabæ.

Byggingarmagn

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að í nágildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingarmagni alls 62.700 m², í tillögu að breyttu deiliskipulagi verður gert ráð fyrir 69.014 m² á 27,5 ha svæði. Svæðið hefur þegar verið byggt upp að mestu.

Bensínstöð

Áætlað er að bensínstöð verði reist á lóðinni nr. 2 við Kauptún. Skv. greinargerð eru fjórir 80.000 lítra eldsneytistankar ásamt 22.000 lítra tankur fyrir bætiefni. Samtals 342.000 lítra geymslur neðanjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að við uppybyggingu bensínstöðvar skal tekið tillit til reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s. br. Einnig bendir stofnunin á að í efnalögum nr. 61/2013 eru ákvæði er varða bensínstöðvar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gætt sé að sjónrænum áhrifum við áætlun bensínstöðvar þar sem hún kemur til með að vera staðsett á áberandi stað innan verslunarsvæðisins.

Efnisnotkun

Umhverfisstofnun tekur undir áherslu sem lögð er á notkun náttúrulegra efna í klæðningu húsa og umhverfisfrágangi, sem kemur til með að draga úr neikvæðum, sjónrænum áhrifum stórra verslunarhúsa.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur